

VERÐTILFÆRSLUSJÓÐUR SAM 2007

Rekstur og starfsemi verðtilfærslu milli mjólkurvara er tvískipt. Annars vegar er lögbundin verðtilfærsla samkvæmt lögum nr. 99/1993 og hins vegar verðtilfærsla SAM. Lögbundin verðtilfærsla er í forsjá Bændasamtakanna og er gerður sérstakur ársreikningur vegna hennar. Framkvæmd og fjárreiður lögbundins verðtilfærslusjóðs er í höndum SAM samkvæmt verkaskiptasamningi sem gerður var milli BÍ og SAM, en sú ráðstöfun byggir á heimildum laga. Verðtilfærsla SAM er hins vegar í forsjá SAM og því með í ársreikningi SAM og er fjallað nánar um hana hér.

Í verðtilfærslusjóð SAM eru innheimt vörutengd gjöld af sýrðum vörum (jógúrt og skyldum vörum), rjóma, sérostum og nýmjólkurdufti. Greitt var úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, skólaléttmjólk, iðnaðarrjóma, skyri, smjörva, léttviðbiti og mögrum ostum (Gouda 17%, Mozzarella og Gouda 11%), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er yfirlit yfir inn- og útgreiðslur úr verðtilfærslusjóði SAM árin 2007 og 2006:

	2007	%	2006	%
Inngreiðslur:				
Yfirfært frá fyrra ári	75.408.333	19,11%	68.948.451	17,83%
Innheimt verðtilfærsla	319.214.951	80,89%	317.845.073	82,17%
Samtals til ráðstöfunar	394.623.284	100,00%	386.793.524	100,00%
Útgreiðslur:				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	172.820.703	53,67%	153.850.224	45,98%
Niðurgreiðsla iðnaðardufts	116.293.730	36,11%	112.198.304	39,26%
Niðurgreiðsla iðnaðarrjóma	28.120.947	8,73%	30.419.361	9,77%
Annað	4.786.861	1,49%	4.786.198	1,54%
Samtals ráðstafað	322.022.242	100,00%	311.254.087	100,00%
Afgangur/(-vöntun) fært til næsta árs	72.601.042		75.408.333	

Velta verðtilfærslusjóðs SAM var nokkuð meiri árið 2007 en árið 2006 vegna aukinnar vörusölu. Útgjöld sjóðsins voru um 2,8 milljónum króna hærri en tekjur hans. Afgangur í lok árs 2007 nam um 72,6 milljónum króna.